

3.3.2016

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 3. mars 2016 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða vegna tillögu til þingsályktunar um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

***Bæjarráð tekur undir það sjónarmið að skipta beri út gúmmíkurla á knattspyrnuvöllum landsins en vekur jafnframt athygli á að slíkt er gríðarlega kostnaðarsamt og því eru Alþingismenn hvattir til að fylgja þingsályktunartillögunni eftir með fjárhagslegum stuðningi til sveitarfélaganna.***

***Bæjarráð vekur jafnframt athygli á að í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir endurnýjun gervigrass og gúmmis á sparkvellingum við grunnskólann. Í Hamarshöll er umhverfissvænna gúmmí notað í fyllingu og því þarf ekki að grípa til aðgerða þar.***

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist nefndinni hér með.

Bestu kveðjur  
Aldís

---

Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar